

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Lagt er til að embættismenn velferðarsviðs stilli ferðum erlendis í hóf næsta ár vegna fjárhagsstöðu borgarinnar.

Greinargerð:

Notast skal við fjarfundarbúnað og streymi í stað þessa að taka sér ferð á hendur. Reynist nauðsynlegt að fara erlendis nægir að einn fari og deili reynslu og upplifun af fundi/ráðstefnu með samstarfsfólki þegar heim er komið. Fara á vel með skattfé borgarbúa og ferðalög eru sjaldan lífs spursmál.